

Í dag klukkan 15 verður árleg haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna opnuð í kjallara Norræna hússins. Gefst fólki kostur að skoða þar 96 verk 50 myndlistarmanna.

Af þessum 50 eru 29 félagsmenn í FÍM. 21 listamaður utan félagsins sýnir einnig verk sín, þar af eru 9 sem aldrei hafa sýnt áður á vegum félagsins. Þessir nýu eru Brynhildur Ósk Gísladóttir, Gunnar I. Guðjónsson, Helgi Vilberg, Kjartan Asmundsson, Óli G. Jóhannsson, Sólveig Helga Jónasdóttir, Bragi Hannesson, Steingrímur E. Kristmundsson og Vigfús Heiðar Guðmundsson.

Haustsýning FÍM



Yfirlitsmynd af sýningarsalnum.

Á ÞRETTÁN STÖÐUM

Haustsýningin verður opin kl. 14-22 daglega fram til 30. nóvember.

Auk sjálfrar haustsýningarinnar efnir FÍM til sýninga á 12 vinnustöðum sem opnar verða jafnlengi og sýningin í Norræna húsinu. Sýna þar 1-4 félagar í FÍM verk sín á hverjum stað. Verða sýningarnar haldnar í matstofum eða kaffistofum vinnustaðanna nema í Alþýðubankanum, þar verða myndirnar hengdar upp í afgreiðslunni.

Hér á eftir verða taldir upp þeir vinnustaðir sem sýnt verður á og hverjir sýna hvar:

Alþýðubankinn, Laugavegi 31. Þar sýna Arnar Herbertsson, Einar Þorláksson og Sigríður Björnsdóttir.

Búnaðarbankinn í Austurstræti. Þar sýna Halldór Pétursson, Kjartan Guðjónsson og Örlygur Sigurðsson.

Búnaðarbankinn við Hlemm. Þar sýna Jens Kristleifsson og Matthea Jónsdóttir.

Faxaskáli Eimskips. Þar sýna Anna Sigríður Björnsdóttir, Eiríkur Smith, Hafsteinn Austmann og Hildur Hákonardóttir.

Sundaskáli Eimskips. Þar sýna Jóhannes Jóhannesson, Jóhann Briem, Þorvaldur Skúlason og Snorri Sveinn Friðriksson.

Hús Eimskips við Pósthússtræti. Þar sýna Haraldur Guðbergsson og Þorbjörg Höskuldsdóttir.

Iðnaðarbankinn við Lækjargötu. Þar sýna Hjörleifur Sigurðsson, Jóhannes Geir og Asgerður Búa-dóttir.

Kassagerðin við Kleppsvæg. Þar sýna Agúst Petersen og Guðmunda Andresdóttir.


Lögreglustöðin við Hverfisgötu. Þar sýnir Ragnheiður Jónsdóttir.

Menntamálaráðuneytið við Hverfisgötu. Þar sýna Sigurður Örlygsson og Steinþór Sigurðsson.


Sjónvarpið við Laugaveg. Þar sýna Eyborg Guðmundsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir og Hringur Jóhannesson.

Vélsmiðjan Héðinn við Seljaveg. Þar sýna Magnús A. Arnason, Benedikt Gunnarsson, Valtýr Pétursson og Hallsteinn Sigurðsson.

Formaður FÍM um þessar mundir er Hjörleifur Sigurðsson



Hringur Jóhannesson og Jón Benediktsson, sýningarnefndarmenn, festa upp verk eftir Hjörleif Sigurðsson í kjallara Norræna hússins í gær.



Glermyndir eftir Leif Breiðfjörð á haustsýningu FÍM.

en sýningarnefnd haustsýningar skipa: Ragnheiður Jónsdóttir Ream formaður, Hallsteinn Sigurðsson, Hringur Jóhannesson, Hrólfur Sigurðsson, Sigurjón Ólafsson, Þorbjörg Höskuldsdóttir, Guðmundur Benediktsson og Leifur Breiðfjörð.

Fjöldi mynda á vinnustaðasýningunum lætur nærri því að vera um 200 þannig að alls gefst fólki kostur að sjá um 300 myndir á þessu hausti og hefur þessi „uppskeruhátíð“ félagsins aldrei verið umsvifameiri en nú.

—ÞH

Hraðfryst ljóð Birgis Svans

Hraðfryst ljóð heitir fyrsta ljóðabók Birgis Svans Simonarsonar.

Þetta er bálkur sem lýsir sjávarplássi, skoðar það með óvægnu auga róttækni. Það eru dregnir pólitískir fiskar undan steini. Í frystihúsinu, kaffihléinu, skólanum, kirkjunni, rötaryklubbum, á ballinu og bátunum. Sunnudagur til sælu — sunnudagur til ælu, segir þar og mánudagur til mæðu — til vinnu — vekjarklukkan vekur menn til vinnu — en ekki af svefni.

Þessi ádrepa er skjalfest á 47 bladsíðum. Eigin útgáfa. Valdis Óskarsdóttir gerði kápu.

Nýtt efni úr kolapraði

MINSK (APN) í stofnuninni fyrir almenna og litræna etnafræði í Minsk, höfuðborg sovétlýðveldisins Hvíta-Rússlands hefur mönnum tekist eftir 15 ára starf að búa til vefjakennt efni úr kolapraði sem í tengslum við mál eða plast verður sterkara en titanblanda og léttara en al. Ætlunin er að nota efnið í flugvélaíðnaðinum og við geimrannsóknir.

ADALSÝNINGIN ER Í NORRÆNA HÚSINU EN AUK ÞESS

ER SÝNT Á TÓLF VINNUSTÖÐUM OG STOFNUNUM